

LÖG

Fyrir félag leigutaka í sumarbústaðalöndum

í landi Vatnsenda í Skorradal

1. Grein

Nafn félagsins er Vatnsendahlíð og heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. Grein

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsins, koma fram fyrir þeirra hönd sameiginlega og annast viðhald og aðrar sameiginlegar framkvæmdir.

3. Grein

Félagar eru allir skráðir rétthafar sumarbústaðalands í landi Vatnsenda í Skorradal. Eru þeir skráðir í félagið við gerð leigusamnings og þátttaka skilyrt. Kosningarétt og kjörgengi hafa handhafar leigusamnings eða umboðsmenn þeirra, enda hafi þeir skriflegt umboð til þess. Hverju landi fylgir 1 atkvæði.

4. Grein

Stjórn félagsins skipa 4 aðilar, einn frá hverju svæði. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, tveir á hverjum aðalfundi. Formaður skal kjörinn annar þeirra tveggja sem setið hefur í stjórn í eitt ár. Annars skiptir stjórnin með sér verkum.

5. Grein

Stjórn félagsins skal eftir því sem þurfa þykir skipa starfsnefndir til þess að annast einstaka verkþætti á vegum félagsins.

6. Grein

Félagsgjald skal greiða fyrir hvert land og skal eindagi gjaldsins vera 1.júní ár hvert. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

7. Grein

Aðalfund skal halda í mars ár hvert og skal hann boðaður skriflega með hálfsmánaðar fyrirvara.

8. Grein

Þessi mál skulu tekin fyrir á aðalfundi:

1. Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins.
2. Félagstjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Kosning formanns, meðstjórnenda, varamanns og endurskoðenda.
4. Ákveðin árgjöld til þess að standa straum af venjulegum rekstrarkostnaði félagsins.
5. Lagabreytingar, ef tillögur koma fram.
6. Önnur mál.

9. Grein

Ef fyrir liggja tillögur um framkvæmdir, sem kosta munu verulega umfram það er venjulegum árgjöldum er ætlað að standa straum af, þá skal leggja fram framkvæmdaáætlun ásamt kostaðaráætlun fyrir aðalfund.

Komi slík mál upp á starfsárinu og eigi er talið rétt að mati stjórnar að bíða aðalfundar, þá má leggja málið fyrir almennan félagsfund, en boða skal hann á sama hátt og með sama fyrirvara og aðalfund.

Til þess að mál, borin upp utan aðalfundar, séu bindandi fyrir félagsmenn, skulu þau hljóta skriflegt samþykki félagsmanna, er ráða hlut 2/3 hlut atkvæða í félaginu.

10. Grein

Félagsfundi skal boða skriflega með minnst viku fyrirvara ef stjórn ákveður eða 1/5 félagsmanna æskja þess skriflega.

Fundir eru löglegir, ef löglega er til þeirra boðað.

11. Grein

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta félagsmanna. Séu þeir eigi mættir á fundinn þá skal boða til annars aðalfundar með sama fyrirvara innan mánaðar og nægir meirihluti þess fundar til samþykkis.

Samþykkt á stofnfundi og með lagabreytingum 15.júní 1993.